

Flóahreppur  
Ellisif Malmo Bjarnadóttir  
Þingborg  
801 Selfoss

Reykjavík, 8. febrúar 2024  
UST202401-239/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Vestur-Meðalholt í Flóahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Vestur-Meðalholt í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að gert verður ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð í landi Vestur Meðalholt í Flóahreppi. Þar verður gert ráð fyrir íbúðarbyggð fyrir 17 lóðir til fastrar búsetu og heimilað verður auk íbúðarhúss, bílskúrs og gestahúss að hafa skemmu/gripahús á lóðum. Auk þess kemur fram að deiliskipulagssvæðið nær yfir um 20 ha.

### **Vistgerðir**

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna runnamýravist á láglandi og víðikjarrvist sem hafa mjög hátt verndargildi, snarrótarvist og língresis- og vingulsvist sem hafa hátt verndargildi. Auk þess segir að hafa skal þó í huga að viðmiðunarmælikvarði vistgerðarkotlagningar er 1:25.000, þannig ekki er alveg öruggt að þessar vistir finnist innan marka skipulagssvæðisins.

Þar sem að sveitarfélagið telur að það sé ekki alveg öruggt að þessar vistgerðir finnist innan marka svæðisins bendir Umhverfisstofnunar á þann möguleika að svæðið verði kortlagt og greint með meiri nákvæmni m.t.t. til vistgerða. Einnig vill stofnunin minna á að í kafla 4 skipulagsreglugerðar segir að ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Hins vegar er nauðsynlegt að mati Umhverfisstofnunar að sveitarfélagið setji sér stefnu og leggi fram áætlanir um vernd og endurheimt vistgerða sem njóta verndar og hafa hátt verndargildi. M.a. segir í greinargerð að ný íbúðarbyggð verði utan verndarsvæða og svæða sem mikilvæg eru eða verðmæt vegna náttúrufars.

### **Fuglalíf**

Í greinargerð segir að svæðið er hluti af mikilvægu fuglaverndunarsvæði eins og nær allt Suðurlandsundirlendið en ólíklegt er að framkvæmdirnar muni hafa mikil áhrif á búsvæði fugla þar sem uppbygging mun verða í áföngum og fuglar geta þá aðlagast.

Þar sem að tillagan mun hafa áhrif á búsvæði fuglanna bendir Umhverfisstofnunar á mikilvægi þess að fjallað sé um stefnu sveitarfélagsins varðandi vernd og endurheimt á þessu víðfeðma mikilvæga fuglaverndunarsvæði.

Í língresis- og vingulsvist er ríkt fuglalíf þar sem algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*).<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að margir mólendisfuglar þurfa ákveðið rými og þegar er gengið er á búsvæði þeirra getur afleiðingin af þessu verið fækkun mólendisfugla.<sup>2</sup> Umhverfisstofnun bendir að þegar fugla færa sig um set getur það leitt til fækkunar einstaklinga í viðkomandi tegund. Í þessu samhengi ber að nefna að Ísland ber ábyrgð á stofnum ýmissa bersvæðafugla sem geta verið fyrir áhrifum, til dæmis heiðlóa, sandlóa, spói, jaðrakan, stelkur, sendlingur og himbrimi.<sup>3</sup>

### Hraun

Í greinargerð fram að innan svæðisins er Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi fjallað sé um áhrif tillögunnar á hraun í samræmi við ofangreind ákvæði náttúruverndarlaga.<sup>4</sup>

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hvernig fráveitumálum verði háttað á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit<sup>5</sup> um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

<sup>1</sup> <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/lingresis-og-vingulsvist>

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/breytingar-fuglalifi>

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/fuglastofnar>

<sup>4</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

<sup>5</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b\\_minni%20fr%c3%a1veitur\\_LOKA.pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b_minni%20fr%c3%a1veitur_LOKA.pdf)